

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2010****2016/EES/44/38****frá 11. nóvember 2015****um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1708/2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar
(EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs (*)**

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs ⁽¹⁾, einkum þriðju málsgrein 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.,með hliðsjón af álit Seðlabanka Evrópu ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 2494/95 er komið á fót nauðsynlegum tölfræðilegum grunni til að búa til samræmdar vísitölur neysluverðs (HICP).
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 ⁽³⁾ kemur á sameiginlegum reglum til að ákvarða vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og fastsetur það í 2005 = 100.
- 3) Í kjölfar breytinga á flokkunum á undirvísitölum samræmdra vísitalna neysluverðs og samræmingu á undirvísitölum, sem hafa verið tengdar samræmdri vísitölu neysluverðs eftir innleiðingu 2005 = 100, er nauðsynlegt að breyta vísitölutímabilinu. Til að tryggja samanburðarhæfi og mikilvægi samræmdrar vísitölu neysluverðs ætti því að breyta vísitölutímabilinu í 2015 = 100.
- 4) Í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 hefur verið tekið tillit til kostnaðarhagkvæmni við samþykkt reglugerðarinnar.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 27.10.1995, bls. 1.

⁽²⁾ Álit frá 1. júní 2015 (Stjtið. ESB C 209, 25.6.2015, bls. 3).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 frá 19. október 2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1708/2005 komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vísitölutímabil

1. Sameiginlegt vísitölutímabil fyrir samræmda vísitölu neysluverðs skal fastsett í 2015 = 100. Nota skal þetta nýja vísitölutímabil fyrir heildartímaraðir allra heildarvísitalna og undirvísitalna samræmdra vísitalna neysluverðs, frá og með birtingu á samræmdri vísitölu neysluverðs fyrir janúar 2016.
2. Allar viðbótar undirvísitölur, sem á að samþætta samræmdum vísitölum neysluverðs, skulu í desember á tilteknu ári tengdar á þrepi 100 vísitölustiga og notaðar til og með næstkomandi janúarmánuði.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
